

Nd.

482. Breytingartillögur

[159. mál]

við frv. til 1. um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Fyrir „iðnskóla“ komi: iðnfræðsluskóla.
2. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: og iðnfræðsluráðs að því er iðnfræðsluskóla varðar.
3. Við 7. gr.
 - a. Á eftir „heimavistarrýmis“ í 1. másl. 1. mgr. falli niður punktur, en við bætist: þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla.
 - b. Á eftir 1. másl. 1. mgr. komi:

Ríkissjóði er heimilt að greiða 75% af áætluðum stofnkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanaksturskóla, þar sem að dómi menntamálaráðuneytisins væri ekki hægt að ráða skólastjóra og/eða fasta kennara, nema slíkt húsnæði sé til.
 - c. Á eftir orðunum „Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heima- vistarskóla skyldunáms“ bætist inn: eða iðnfræðslu.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignar- skatt“ o. s. frv. til loka greinarinnar komi: eftir sömu reglum og sýslusjóðs- gjald er lagt á samkv. 1. gr. laga nr. 58/1961.
5. Við 15. gr. Í stað „fimm“ í þriðju línu 2. mgr. komi: sex.
6. Við 19. gr. (leiðrétting). Í stað „skólann“ í lok 2. másl. 2. mgr. komi: skólanna.
7. Við 20. gr.
 - a. Í stað „20%“ í b-lið greinarinnar komi: 25%.
 - b. Í stað „má hækka stundafjölda“ í c-lið greinarinnar komi: hækkar stunda- fjöldi.
 - c. Í stað „má hækka stundafjölda“ í d-lið greinarinnar komi: hækkar stunda- fjöldi.
 - d. Í stað „15%“ í e-lið greinarinnar komi „20%“ — og á undan orðunum „vegna umsjónar“ komi: m. a.
 - e. Við f-lið bætist: Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heima- vinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 18. gr.
 - f. Í stað „iðnskóla“ í 2. mgr. komi: iðnfræðsluskóla.
 - g. Á undan næstsiðustu mgr. komi:

Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár um vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvar- andi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.
8. Við 24. gr.
 - a. Á eftir orðunum „nemenda í heimavistum“ í síðustu mgr. komi: í skólum utan skyldunáms.
 - b. Aftan við gr. bætist: svo og iðnfræðsluráðs.
9. Við 29. gr. Við 2. mgr. bætist:

Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.
10. Við 30. gr. Við 1. mgr. bætist:

Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41/1955.